

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Alma Hlíðberg <hlidberga@gmail.com>  
**Sent:** fimmtudagur, 31. ágúst 2023 21:25  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Erindi til sveitastjórnar

Erindi til sveitastjórnar Flóahrepps varðandi sorphirðumál frístundahúsa í hreppnum.

Undirritaðir eigendur frístundahúss í landi Flögu í Flóahreppi óska eftir því að fundin verði lausn á því hvernig og hvar eigi að losa sig við sorp.

Fyrir einhverjum árum áttum við möguleika að losa okkur við sorp í gáma við kjötvinnsluna í Hraungerði en eftir að þeir gámar voru fjarlægðir er eina lausnin að losa sorp hjá Íslenska Gámaféluginu á Selfossi fyrir klukkan 14:00 á laugardögum sem segir sig sjálft að nýtist ekki frístundahúsum sem oftast eru notuð um helgar.

Eftir að nýtt flokkunarkerfi var innleitt er okkur illmögulegt að fylgja því þar sem ógerlegt er að fara t.d. með lífrænan úrgang í bréfpokum um langan veg.

Við teljum þar sem við greiðum fyrir sorpeyðingu í fasteignagjöldunum að við eignum rétt á þeirri sjálfsögðu þjónustu að geta losað okkur við sorp í grenndinni óháð tíma.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk eru grenndargámar við Merkurhraun og því skiljum við ekki þessa mismunun á þjónustu. Það þarf varla að taka fram hve mörg frístundahús eru í hreppnum sem myndu nýta sér þessa gáma og erum við sannfærð um við tölu fyrir hönd eigenda margra þeirra ef ekki allra.

Geta má þess að búið er að hafa samband símleiðis við sveitastjóra og lagði hann til að við sendum inn ofangreint erindi.

Með von um jákvæðar og lausnamiðaðar undirtektir.

Haukur Hlíðberg  
Alma Hlíðberg